

# Náttúrufræði – Spurningar

29.janúar 2015

1. Varmaleiðing: Varmi flyst í gegnum efni og orkan berst frá einni sameind til annar. Efnið getur verið fast efni, vökvi eða lofttegund. Ekki leiða öll efni varma jafn vel.  
Varmaburður: Varminn berst með straumi straumefnis og straumefnið hitnar og veldur því að sameindirnar hreyfast hraðar og lengra verður á milli þeirra.  
Straumefnið sem hitnar verður efnisléttara og stígur upp, þá skapast straumar sem bera með sér varma.  
Varmageislun: Það er þegar orka flyst í gegnum rúmið og er í mynd ósýnilegra rafsegulsbylgna sem kallast innrauðar bylgjur. Dæmi um varmageislun er sólarljós.
2. Stöðuorka er vinna þess krafts sem þarf til þess að færa hlut frá einum stað til annars gegn hinum tiltekna krafti, hvort sem hann er þyngdarkrafturinn eða einhver annar kraftur. Hreyfiorka er í orkan sem hlutur hefur vegna hreyfingar sinnar.
3. Hiti er mælikvarði á meðalhreyfiorku og er hann mældur í K, C°, °F.
4. Varmi er mældur í júlum(J). Varmi er ekki meðalstærð eins og hiti og grundvallast hann af þeim efnamassa sem er til staðar.
5. Með einangrun má draga úr varmatapi vegna varmaleiðingar.
6. Varmi er ein mynd orkunnar og orka býr yfir getu til þess að framkvæma vinnu